

Menntamálanefnd Alþingis.

Hagþenki, félagi höfunda fræðiritra og kennslugagna, hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, þskj. 138 – 138. mál, flm. Pétur H. Blöndal.

Hagþenkir getur ekki mælt með samþykki frumvarpsins. Stjórn félagsins álitur að menningarlegar forsendur séu fyrir því að Ríkisútvarpið sé þjóðareign og þannig þjóni það best því markmiði að veita landsmönnum jafnan aðgang að fræðandi og gagnrýnni umræðu um vísindi og menningu.

Hagþenki hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um **rekstur Ríkisútvarpsins, þskj. 7 – 7. mál**, flm. Sverrir Hermannsson. Stjórn félagsins styður tillöguna og telur hana muni styrkja rekstur Ríkisútvarpsins til þess menningarhlutverks sem því er ætlað í íslensku samfélagi.

Hér á eftir fer rökstuðningur fyrir álitu þessu. Plögginn munu berast í pósti við fyrsta tækifæri.
Kveðja,
Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri Hagþenkis

Hagþenkir – félag höfunda fræðiritra og kennslugagna vinnur að eflingu íslenskrar menningar og tungu með því að beita sér fyrir sem bestum starfsskilyrðum höfunda sem birta með ýmsum hætti niðurstöður hvers konar fræðistarfa og semja námsefni. Starfsemi Ríkisútvarps, eins og henni er lýst í lögum um stofnunina og fengin er löng reynsla af, hefur ótvírætt og sérstakt gildi fyrir starf íslenska höfunda og listamanna í hinum ýmsu greinum. Miðlun Ríkisútvarpsins á íslenskum verkum, kynning þess á bókaútgáfu, fræðastörfum og menningarviðburðum og aðgangur höfunda og framleiðenda útvarpsefnis að einstökum söfnum stofnunarinnar má telja mikilvæga forsendu menningarlífs í landinu. Þannig verður að telja starfsemi Ríkisútvarps eina helstu forsendu þess að höfundafélag eins og Hagþenkir geti gegnt því hlutverki sem nefnt er í upphafi.

Fengin reynsla staðfestir að Ríkisútvarpið skapar höfundum og listamönnum þjóðarinnar víðtækari og traustari starfsvettvang en einkarekið útvarp. Ástæðuna má rekja til þess hlutverks sem stofnuninni er ætlað að rækja skv. lögum og einnig skiptir máli að stofnunin er ekki algjörlega háð auglýsingatekjum og áskriftargjöldum. Sú staða neyðir útvarpstöðvar til að keppa fyrst og fremst að vinsældum og kosta sem minnstu til í samkeppni um hlustendur og áhorfendur. Það takmarkar gildi starfseminnar fyrir menningu, upplýsingu og tungu þjóðarinnar. Því ber að treysta starfsgrundvöll Ríkisútvarps og gera það sem óháðast slíkum takmörkunum. Félagið leggur áherslu á það grundvallarviðhorf að Ríkisútvarpið verði eftir í því skyni að gera það fært um að gegna sem best því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt 3. og 4. gr. laga um Ríkisútvarp nr. 122/2000. Þetta eru forsendur þeirra umsagna sem gefnar eru hér á eftir um tvö þingskjöl sem varða útvarpsrekstur.

127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 7 - 7. mál.

Tillaga til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins. Flm.: Sverrir Hermannsson.

Sjálfá tillöguna, þ. e. : „Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar“ má skoða sem lýðræðislega tilraun til að styrkja rekstur Ríkisútvarps og færa hann til samræmis við menningarleg markmið sem víðtæk samstaða er um í þjóðfélaginu. Samþykkt hennar má því telja gagnlega.

Eftirtaldar fullyrðingar og ályktanir í greinargerð með tillögunni og finna má í stefnuramma, sem þar er lýst, má telja athygliverðar og þær staðfesta ýmist eða benda á leiðir að þeim mikilvægu þjóðfélagslegu markmiðum sem Ríkisútvarpinu eru sett:

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Athyglisverð sjónarmið í stefnurammanum:

- a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.
- b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshluta útvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.
- c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.
- e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.
- f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.
- g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.
- h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.
- j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía“, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá al manna samtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viður kenn ing ar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti i dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.
- l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir.

Þau atriði í stefnurammanum, sem ekki eru talin hér, varða einkum rekstrarfyrirkomulag Ríkisútvarps og verður vikið að þeirri hlið málsins í umsögn um frumvarp Péturs Blöndals hér á eftir. Tekið skal undir það sem sagt í umræddri þingsályktunartillögu um þá hugmynd að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi að „... lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg“.Þetta sjónarmið tengist þeirri kröfu að útvarp í landinu verði ekki algjörlega háð vinsældaleit og gott svigrúm verði fyrir viðleitni ljósvakamiðla til að bjóða efni sem menntar og fræðir.

Eftirfarandi sjónarmið í umræddri greinargerð hljóta að teljast mjög athyglisverð frá sjónarhóli höfunda fræðirita og kennslugagna: „Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar til að jafna þennan aðstöðumun. Og sumir

Þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrund að efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru í dag“. ... „Grunnurinn undir réttarbót af því tagi, sem hér er fjallað um, þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagssumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar“.